

Hörgársveit
Guðmundur Sigvaldason
Belamerkuskóli
601 Akureyri

Umhverfisstofnun
Áb. _____
11. nóv. 2010 10.4.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. nóvember 2010
Tilvísun: UST20100800077/jbw

Tillaga að breyttu aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 20. ágúst sl. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að breyttu aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017.

Breyting á aðalskipulagi

Tillagan gerir ráð fyrir að svæði fyrir stóriðnað, sem kennt er við Dysnes og er um 120 ha að stærð í gildandi aðalskipulagi, verði minnkað í um 59 ha. Norður- og austurmörk lóðarinnar verða óbreytt. Vesturmörkin breytast lítillega nyrst þar sem land Búlands er undanskilið og suðurmörkin eru færð norður á Pálmholtslæk sem eru landamerki milli Hvamms/(Sjávarbakka) og Gilsbakka.

Einnig gerir tillagan ráð fyrir því að skilgreiningu svæðisins verði breytt úr því að vera svæði fyrir stóriðnað í að vera iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæði. Gert er ráð fyrir lítt mengandi iðnaðarstarfsemi á svæðinu.

Svæðið sem nemur minnkuninni í tillögunni er skilgreint sem opið svæði til útivistar, beitara- og ræktarlönd.

Umhverfisskýrsla í greinargerð

Í greinargerð eru umhverfisáhrif breytingartillögunnar metin fremur jákvæð vegna minni umsvifa og meiri fjölbreytni í atvinnustarfsemi miðað við gildandi aðalskipulag. Neikvæð áhrif eru talin geta orðið vegna færri atvinnutækifæra. Umhverfisstofnun tekur undir framangreint mat.

Samkvæmt breytingunni verða suðurmörk svæðisins við farveg Pálmholtslækjar. Í gildandi aðalskipulagi þveraði lækurinn hins vegar mitt svæðið. Stofnun telur þessa breytingu jákvæða en bendir jafnframt á mikilvægi þess að við framkvæmdir á svæðinu verði þess vandlega gætt að jarðrask við suðurmörkin hafi ekki áhrif á bakka og farveg lækjarins sem og mýri

meðfram honum (hluti Pálmholtsmýrar). Mikilvægt er að brýnt verði fyrir verktökum, einkum þeim sem hafa með stórvirkar vinnuvélar að gera, að gæta fyllstu varúðar í grennd við lækinn.

Einnig telur stofnunin að innan svæðisins sé enn til staðar lítt röskuð mýri en engar upplýsingar liggja fyrir um flatarmál hennar. Votlendi, 3 ha að stærð eða stærra, nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Stofnunin telur auk þess mikilvægt að reynt verði að lágmarka allt óþarfa jarðrask á svæðinu einkum þar sem náttúruleg gróðursamfélög eru til staðar, t.d. mólendi, og að í röskuð svæði verði eingöngu sáð fræjum grastegunda sem ríkjandi eru í grenndinni.


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í áframhaldandi skipulagsvinnu verði tekið mið af ákvæði 23. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 þar sem stendur „óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna“ og kafla 4.15 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 um að ekki megi byggja nær læknum, Pálmholtslæk, en 50 m.


Hvað framtíðar starfsemi á svæðinu varðar bendir Umhverfisstofnun á reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999, sbr. 9.6 gr. um að heilbrigðisnefnd geti “krafist hreinsunar á ofanvatni áður en því er hleypt í viðkvæman viðtaka” þ.e. strandsjó, og sbr. 26. gr. um meðferð og hreinsum skólps frá iðnaðarstarfsemi. Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að hugað verði almennt að mengunarvörnum á svæðinu í samræmi við lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Umhverfisstofnun bendir á að mannvirki innan svæðisins muni hafa neikvæð sjónræn áhrif og neikvæð áhrif á landslag sveitarinnar og hluta Eyjafjarðar. Í því sambandi hvetur stofnunin til þess að í frekari skipulagsvinnu verði áhersla lögð á að útlit bygginga og form verði samræmt og að þær falli vel að landhæðum og landslagi svæðisins.

Umhverfisstofnun tekur undir það mat Arnarneshrepps að breytingartillagan falli ekki undir ákvæði laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir stofnunin ekki frekari athugasemdir við tillögu að breytingu aðalskipulags Arnarneshrepps 1997-2017.

Virðingarfyllt

Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Jóhanna Björk Weissshappel
Sérfræðingur

Afrit sent: Skipulagsstofnun